

Mál nr. 7/2020**M og****V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X
Skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna slyss 23. ágúst 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 9. janúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-7.

Bréf V, dags. 6. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-2.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann féll niður af dráttarvagni bifreiðarinnar X. Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að enginn hafi séð aðdraganda slyssins og haft er eftir M á vettvangi slyssins að hann muni ekki hvað gerðist. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 14. janúar 2019, skrifar M og vinnuveitandi hans undir þá lýsingu af atvikum að M sem kranastjóri hafi gleymt sér augnablik og stigið af vagni og fallið til jarðar. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna sama slyss dags. 30. apríl 2019 kemur síðan fram að M „... stóð uppi á flatvagnspalli við hífingar og flutning á steypueiningum sem flytja átti á verkstað, þegar honum skrifaði fótur og féll niður af flatvagnspallinum niður á jörðina.“ Í niðurstöðum rannsóknar Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að skipulagi við hífingar hafi verið ábótavant, staðsetningu stjórnanda bílkrana og að vantað hafi fullægjandi fallvarnir.

M telur að slys hans sé bæði rakið til þess að hann hafi verið við stjórn ökutækisins X, þar sem hann hafi verið að sinna starfi sínu sem bifreiðastjóri flutningabifreiðar, sem og að tjón hans sé rakið til notkunar sama ökutækis, þar sem hann vann við að ferma steypueiningar með bílkrana þess á flatvagn sem var festur við bifreiðina. M vísar til þess að bæði skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 séu því uppfyllt og þannig hafi stofnast greiðsluskylda úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

V telur ekki sannað að skilyrði umferðarlaga séu uppfyllt vegna slyss M og bendir á að skv. dómaframkvæmd beri að skilja hugtakið notkun í skilningi þeirra þröngt og verði að líta til þess hvort sérstakir hættueiginleikar ökutækisins hafi átt þátt í slysinu. Einnig telur V að kyrrstætt vélknúid ökutæki sé venjulega ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og orsök slyss M sé ekki tengd ferminu ökutækisins með beinum hætti, heldur til þess að M hafi fengið aðsvif eða gengið af palli og fallið þannig niður. V vísar til læknisfræðilegra gagna og dóma Hæstaréttar í málum réttarins nr. 116/1999, 274/1999 og 671/2014.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir gildissvið slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X hjá V. Í 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að gildissvið þeirrar lögbundnu vátryggingar nær til líkamstjóns ökumanns sem er við stjórn ökutækis, verði slysið rakið til notkunar ökutækisins skv. 1. mgr. 88. gr. sömu laga.

Af lýsingu M sjálfs verður ekki ráðið að hann hafi verið við stýri bifreiðarinnar X, heldur hafi hann verið að hreyfa sig á palli svokallaðs flatvagns sem var tengdur bifreiðinni þegar slysið varð. Þó M hafi almennt haft það hlutverk að afferma bifreiðina og hafi notað til þess stjórn tæki áfasts bílkrana verður ekki séð af gögnum málsins að orsök slyss hans hafi tengst affermingunni með það beinum hætti að það sé hægt að líta svo á að það hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Ekkert bendir til þess að slysið hafi heldur orsakast af hreyfingu bifreiðarinnar eða að hún hafi á annan hátt verið í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga þannig að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna sérstaks búnaðar bifreiðarinnar eða hættueiginleika hennar.

Verður því ekki fallist á að slys M sé bótaskyldt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.